

Fundargerð starfspróunarnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og þeirra stéttarfélaga innan BSRB og ASÍ sem samið hafa um starfsmat í kjarasamningum

Fundur starfspróunarnefndar haldinn 9. apríl 2018 að Borgartúni 30, Reykjavík kl. 10:00. Að nefndinni standa Samband íslenskra sveitarfélaga og aðildarfélög BSRB og ASÍ sem samið hafa um starfsmat í kjarasamningum.

Mætt voru: Frá BSRB, Karl Rúnar Þórsson og Arna Jakobína Björnsdóttir sem var í síma. Frá ASÍ Árni Steinar Stefánsson. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Berglind Eva Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

1. Mat á viðbótarnámi félagsliða (Mál 4 á 14. fundi 26. mars 2018)

Lögð fram beiðni um mat á viðbótarnámi félagsliða frá Borgarholtsskóla árið 2013. F-einingar eru 36 og samkvæmt upplýsingum frá Borgarholtsskóla eru það um 720-820 klukkustunda vinnuframlag.

Niðurstaða starfspróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1.

2. Mat á námi starfsmanns á heimili fyrir fatlað fólk II

Lögð fram beiðni um mat á námskeiðum fyrir starfsmann á heimili fyrir fatlað fólk II. Námið er ekki framkvæmt af af fræðsluaðilum, sem hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 og aðra þá sem Starfspróunarnefndin metur sem hæfa fræðsluaðila.

Niðurstaða starfspróunarnefndar er að starfsmaður á ekki rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1.

3. Mat á námi starfsmanns sem starfar við ræstingar og afleysingar á leikskóla

Lögð fram beiðni um mat á styttri námskeiðum starfsmanns sem starfar við ræstingar og afleysingar á leikskóla. Ekki er gerð krafa um stúdentspróf eða annað formlegt nám á framhaldsskólastigi.

Máli frestað.

4. Umræða um skipulag fræðslustofnana

Málinu frestað

Næsti fundur nefndar verður haldinn 23. apríl 2018 kl. 9.30

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.00